

20. janúar 2005

Áætlað framboð vinnuafis árið 2005

Vinnuálagstofnun birtir mánaðarlega tölur um hlutfall atvinnulausra af framboðnu vinnuafli í skýrslum sínum um atvinnuástand. Skráðum atvinnuleysisdögum er breytt í tapað vinnumagn með því að deila með fjölda virkra daga í mánuði og þannig fæst meðal fjöldi atvinnulausra. Sá galli er á gjöf Njarðar að skráð atvinnuleysi er nákvæmlega mæld stærð en framboð vinnuafis er áætlað og á undanförunum árum hefur það ekki verið leiðrétt eftir á. Fjármálaráðuneytið áætlað framboð vinnuafis í þjóðhagssþá og sú spá er grunnur atvinnuleysisshlutfallsins. Áætlunin er gerð í ársverkum en þau eru mat á vinnumagni. Nú hefur slík spá verið gerð fyrir árið 2005. Í ár er áætlað að framboðið vinnuafli (sem samanstendur af starfandi og atvinnulausum) verði 2,4% meira en var á nýliðnu ári. Þetta er meiri vöxtur en samsvarar fjölgun fólks á starfsaldri en bæði er reiknað með aðflutningi vinnuafis, einkum vegna stóriðjuframkvæmdanna eystra og nokkuð aukinni atvinnuþátttöku. Grunnur áætlunarinnar er fjöldi fólks á starfsaldri eftir kyni og landshlutum á miðju síðasta ári og áætluð atvinnuþátttaka þessa hóps eftir kyni. Gert er ráð fyrir nokkuð mismunandi vexti vinnuafis eftir landshlutum og er vöxturinn langmestur á Austurlandi. Framboð vinnuafis sveiflast yfir árið. Það er minnst yfir vetrartímum og mest yfir hásumarið. Í þetta sinn hefur framboðið verið áætlað fyrir ársfjórðungana enda þótt tölur séu birtar fyrir einstaka mánuði. Tafla sem sýnir áætlað framboð vinnuafis mælt í ársverkum eftir landshlutum, kyni og mánuðum er [hér](#).

Ráðuneytið hefur áður vakið athygli á því að þörf sé á því að endurmeta grunninn sem atvinnuleysisshlutfallið byggir á. Það væri mikill úrbót, ekki síst vegna þess hversu mjög er horft til hlutfalls atvinnulausra í efnahagsumræðunni. Viðast erlendis er miðað við fjölda atvinnulausra annars vegar og fjölda þeirra sem eru starfandi og atvinnulausir hins vegar þegar atvinnuleysisshlutföll eru reiknuð en eins og að ofan greinir hefur verið stuðst við aðra nálgun hérlendis við meðferð talna um atvinnuleysi. Þær upplýsingar er hægt að staðfesta, þótt það sé með nokkurra mánaða töf. Í framtíðinni verður áætlun ráðuneytisins uppfærð við endurskoðun þjóðhagssþár en hingað til hefur áætlunin einungis verið gerð einu sinni á ári. Það yrði mikill ávinningur að birta svo fljótt sem auðið er uppfærðar upplýsingar um framboð vinnuafis. Þá gæfst jafnframt tækifæri til að endurmeta hlutfall atvinnulausra.

Lífeyrisskuldbindingar vegna grunnskólakennara

Á árinu 1996 var samið um það milli ríkisins og sveitarfélaganna að rekstur grunnskóla skyldi flytjast yfir til sveitarfélaganna. Samkomulagið fól m.a. í sér að lífeyrisskuldbindingar vegna grunnskólakennara, sem þá voru starfandi eða komnir á eftirlaun, skyldu áfram vera á ábyrgð ríkissjóðs. Jafnframt skyldu sveitarfélögin greiða 9,5% viðbótariðgjald til ríkissjóðs til að mæta lífeyrisskuldbindingum vegna grunnskólakennara.

Vegna nýgerðs kjarasamnings sveitarfélaganna og grunnskólakennara hækka lífeyrisskuldbindingar B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) um 6,4 milljarða króna, en í lok árs 2003 námu heildarlífeyrisskuldbindingar B-deildar LSR vegna grunnskólakennara 64,3 milljörðum króna.

Kjarasamningur grunnskólakennara nær til ársins 2008 en samkvæmt honum hækka skuldbindingar vegna lífeyrisþega á eftirmannsreglu um 20% og um 17% vegna starfandi kennara. Í B-deild LSR taka lífeyrisþegar lífeyri ýmist eftir svokallaðri eftirmannsreglu (lífeyrir ræðst af launum þess sem tekur við starfi lífeyrisþegans eða kjarasamningi sem lífeyrisþegi miðast við) eða meðaltalsreglu (hækkun lífeyris ræðst af þróun launavísitölu opinberra starfsmanna). Vægi grunnskólakennara í launavísitölu opinberra starfsmanna er á bilinu 14-15%. Afleiðd breyting samningsins á launavísitöluna er því um 2,44% á samningstímabilinu. Lífeyrisskuldbindingar B-deildar vegna kennara á meðaltalsreglu og annarra sjóðfélaga, sem eiga geymd verðtrygð réttindi

eða fá lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu, hækka í samræmi við það. Samkvæmt framansögðu verða brúttóáhrif samningsins 10,1 milljarður króna í auknar lífeyrisskuldbindingar B-deildar LSR.


Í tryggingafræðilegu mati hefur þegar verið reiknað með 1,5% launahækkun umfram verðlag árlega. Sé gert ráð fyrir þeirri hækkun út árið 2008 nemur hún samtals 6,5% á samningstímabilinu en sú forsenda ein og sér hækkar lífeyrisskuldbindingar grunnskólakennara um 3,7 milljarða króna. Viðbótariðgjald af kjarasamningi grunnskólakennara á framtíðarskuldbindingar B-deildar LSR nema því 6,4 milljörðum króna.

Skuldir ríkissjóðs

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergrí landsframleiðslu hafa farið lækkanði á undanförunum árum. Sé tekið mið af seinustu fjórum árum þá hefur hlutfallið lækkað úr rúmlega 38% í lok árs 2001 í rúmlega 28% í lok árs 2004.

Áætlað er að skuldir ríkissjóðs hafi í lok árs 2004 numið 254 milljörðum króna. Ríkissjóður gefur út skuldbréf bæði á innlendum og erlendum markaði og er áætlað að innlendar skuldir hafi í árslok 2004 numið 113 milljörðum króna og erlendar skuldir 141 milljarði. Hlutfall erlendra skulda ríkissjóðs af heildarskuldu hans var um 56% í árslok 2004 og hafði þá lækkað úr því að vera 67% í árslok 2001. Sem hlutfall af landsframleiðslu (VLF) voru erlendar skuldir 16% í árslok 2004 en voru tæplega 27% í árslok 2001. Fjallað var um erlendar skuldir ríkissjóðs í vefriti ráðuneytisins í sl. viku. Hlutfall innlendra skulda af landsframleiðslu hefur verið nokkuð stöðugt á undanförunum árum, var í árslok 2004 tæp 13% en í lok árs 2001 rúm 13%.

Skuldir ríkissjóðs



Fjármögnun ríkissjóðs innanlands hefur um nokkurt skeið aðallega átt sér stað með útgáfu á verðtrygðum spariskírteinum, óverðtrygðum ríkisbréfum og ríkisvixlum. Fyrir um 4 árum tók ríkissjóður þá ákvörðun að draga úr útgáfu verðtrygðra bréfa og hafa spariskírteini ekki verið gefin út frá þeim tíma. Ríkissjóður hefur þess í stað gefið út óverðtrygð ríkisbréf og eru nú útstandandi þrjú markflokkar að fjárhæð rúmlega 56 milljarða króna á gjalddaga 2007, 2010 og 2013. Þá hefur ríkissjóður einnig gefið út ríkisvixla og eru þeir nú gefnir út til 3ja og 3/2 mánaðar. Útstandandi stofn ríkisvixla miðast við um 18 milljarða króna meðalstöðu að jafnaði.

Í apríl n.k. kemur til innlausnar flokkur spariskírteina að innlausnarvirði tæplega 21 milljarður króna. Þá verður aðeins einn markflokkur spariskírteina útstandandi sem er á gjalddaga árið 2015 og er uppreiknað verð hans í árslok 2004 um 22 milljarða króna.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	7,6	13,7
Skattar á tekjur og hagnað	7,7	17,0
Tryggingagjöld	11,0	10,3
Eignarskattar	-21,8	44,2
Veltuskattar	9,7	12,7
Tekjur alls	11,1	8,0

Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	1,7	8,2
Félagsmál	11,8	9,2
Atvinnumál	15,6	1,9
Vaxtagjöld	-23,3	-6,1
Önnur útgjöld	13,9	6,0
Gjöld alls	8,6	6,9

Afkoma ríkissjóðs jan-nóvember		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-22.687	-8.177
Hr. lánsfjárföfnuður	-1.631	9.557
Afborgun lána	-30.666	-32.321
Br. lánsfjárföfnuður	-39.172	-29.639
Lántökur	39.087	27.567
Greiðsluafkoma	-86	-2.072

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - janúar 2005	2,4	4,0
Kjarnaverðb. 1. jan. 2005	2,7	4,0
Launavísitala - nóvember	5,5	5,4
Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6
Smá. velta janúar-ágúst	0,3	4,3
Atvinnuleysi - desember	3,1	2,7

